

## Þjónustustefna Dalabyggðar

Þjónustustefna sveitarfélagsins er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.

Greinin er svo hljóðandi:

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina:

*Hér er lagt til það nýmæli að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna.*

*Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.*

*Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur.*

Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknan verðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.

## Almennt um þjónustu sveitarfélagsins

Dalabyggð er sveitarfélag sem leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem vænlegan búsetukost til framtíðar þar sem stjórnsýslulegur réttur þeirra er virtur. Þar þarf þjónusta sveitarfélagsins að endurspegla traust, fagmennsku og fjölbreytni. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins fari eftir því sem lög og reglur heimila og sé löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Það er sameiginlegt markmið stjórnenda og starfsfólks sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla þjónustu sem uppfyllir þarfir íbúa. Slíkt kallar einnig á samstarf við íbúa og aðra þjónustuþega. Dalabyggð er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk Dalabyggðar á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja þjónustuna.

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notanda hverju sinni. Þjónustan er sérhæfð fagkunnátta sem fléttist inn í alla starfsemi sveitarfélagsins. Alla þjónustu skal veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna á staðnum, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

## Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttað í sveitarfélaginu. Í stefnu þessari er Dalabyggð flokkað sem þéttbýliskjarninn Búðardalur og svo dreifbýli sveitarfélagsins.

Stefnan er sett fram þannig að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig. Því næst er farið yfir með sama hætti lögheimil verkefni og loks valkvæð verkefni sem sveitarfélagið veitir þjónustu.

Hafa þarf í huga að í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

## Lögskyld verkefni

Félagsmál
<p><b><i>Aðstoð við erlenda ríkisborgara</i></b></p> <p>Tengiliður vegna móttökuáætlunar og við Fjölmeningarsetur (verkefnastjóri) hefur aðsetur í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Einnig hefur aðsetur í húsinu verkefnastjóri fjölskyldumála sem sinnir félagsmálum og kemur að málum eftir þörfum.</p>
<p><b><i>Barnaverndarmál</i></b></p> <p>Dalabyggð er með samning við Akraneskaupstað um barnaverndarþjónustu og fer Akraneskaupstaður því með verkefni barnaverndarþjónustu skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum og sér um fullnaðarafgreiðslu þeirra mála skv. 3. mgr. 12. gr. sömu laga. Einnig hefur verkefnastjóri fjölskyldumála aðsetur í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal og sinnir vinnslu mála sem ekki hafa verið falin Akraneskaupstað með fyrrnefndum samningi.</p>
<p><b><i>Félagsþjónusta sveitarfélaga</i></b></p> <p>Verkefnastjóri fjölskyldumála er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Verkefnastjóri er með staðbundna viðveru og sinnir viðtalstímum á skrifstofutíma. Sé óskað fjarþjónustu vegna ákveðinna aðstæðna er reynt að mæta því.</p>
<p><b><i>Fjárhagsaðstoð</i></b></p> <p>Verkefnastjóri fjölskyldumála er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Verkefnastjóri er með staðbundna viðveru og sinnir viðtalstímum á skrifstofutíma.</p>
<p><b><i>Málefni aldraðra</i></b></p> <p>Í Dalabyggð er virkt félagsstarf eldri borgara sem unnið er í samstarfi við íþrótt- og tómstundafulltrúa, hægt er að óska eftir heimsendum mat og heimaþjónusta stendur til boða. Verkefnastjóri fjölskyldumála heldur utan um samráðsfundi með eldri borgurum í sveitarfélaginu.</p>
<p><b><i>Málefni fatlaðs fólks</i></b></p> <p>Verkefnastjóri fjölskyldumála vinnur miðlægt að málaflokknum fyrir allt sveitarfélagið en er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal.</p>
<p><b><i>Stuðningsþjónusta</i></b></p> <p>Verkefnastjóri fjölskyldumála vinnur miðlægt að málaflokknum fyrir allt sveitarfélagið en er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal.</p>
<p><b><i>Túlkajónusta og málstefna</i></b></p> <p>Ekki er samningur um túlkajónustu en tengiliðir sem hægt er að kalla til eftir þörfum, ýmist fyrir stað- eða fjarþjónustu. Sveitarfélagið er með málstefnu sem sveitarstjóri ber ábyrgð á og fylgir eftir með nefnd um málstefnu.</p>

#### *Upplýsingagjöf vegna barna*

Verkefnastjóri fjölskyldumála vinnur miðlægt að málaflöknum fyrir allt sveitarfélagið en er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Unnið samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003.

#### *Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda*

Verkefnastjóri fjölskyldumála vinnur miðlægt að málaflöknum fyrir allt sveitarfélagið en er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Unnið samkvæmt Barnalögum nr. 76/2003. Gott samstarf er við Auðarskóla, samrekin grunn- og leikskóla í Dalabyggð um forvarnarmál.

#### *Samþætting þjónustu í þágu barna*

Verkefnastjóri fjölskyldumála vinnur miðlægt að málaflöknum fyrir allt sveitarfélagið en er með starfsstöð í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar í Búðardal. Gott samstarf er við Auðarskóla, samrekin grunn- og leikskóla í Dalabyggð um farsældarlögin og innleiðingu þeirra.

### Húsnæðismál

#### *Eignaskiptayfirlýsingar*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Byggingafulltrúi hefur starfsstöð á Hólmavík en með viðveru á skrifstofu Dalabyggðar alla föstudaga ásamt fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði og sinnir m.a. eignaskiptayfirlýsingum. Einnig er í boði fjarþjónusta byggingafulltrúa.

#### *Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Byggingafulltrúi hefur starfsstöð á Hólmavík en með viðveru á skrifstofu Dalabyggðar alla föstudaga ásamt fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði og sinnir m.a. skráningu og öflun grunnupplýsinga. Einnig er í boði fjarþjónusta byggingafulltrúa.

#### *Húsnæðismál*

Sveitarstjórn styðst við húsnæðisáætlun sveitarfélagsins sem fer árlega í endurskoðun. Ekki er til staðar félagslegt leiguhúsnæði í Dalabyggð.

#### *Húsnæðisáætlanir*

Húsnæðisáætlun gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega m.t.t. breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Unnið er eftir reglugerð 1248/2018, húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

#### *Sérstakur húsnæðisstuðningur*

Er í boði fyrir þá sem það þurfa og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt um á eyðublaði hjá sveitarfélaginu og hægt að fá ráðgjöf hjá verkefnastjóra fjölskyldumála ef þarf.

### Fræðslu- og menningarmál

#### *Almenningsbókasöfn*

Héraðsbókasafn Dalasýslu er staðsett í Búðardal, jafnan opið tvo daga vikunnar og sinnir einnig samstarfi við Auðarskóla, samrekinn grunn- og leikskóla í Dalabyggð.



## *Grunnskólar*

Í Dalabyggð er Auðarskóli; samrekinn skóli með fjórar fjárhagslega sjálfstæðar deildir; leikskóla, tónlistarskóla, grunnskóla og mótuneyti. Í skólanum er einnig frístundaúrræði og skólaakstri sinnt til og frá skóla.

## *Leikskólar*

Í Dalabyggð er Auðarskóli; samrekinn skóli með fjórar fjárhagslega sjálfstæðar deildir; leikskóla, tónlistarskóla, grunnskóla og mótuneyti. Í skólanum er skólaakstri sinnt til og frá skóla. Á leikskólanum eru tvær deildir, Dvergahlíð og Tröllaklettur.

## *Ráðning kennara, skólastjóra o.fl.*

Öll ótímabundin störf eru auglýst og ráðning skólastjóra í höndum sveitarstjóra en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra í samstarfi við skrifstofu Dalabyggðar.

## *Tónlistarskólar*

Í Dalabyggð er Auðarskóli; samrekinn skóli með fjórar fjárhagslega sjálfstæðar deildir; leikskóla, tónlistarskóla, grunnskóla og mótuneyti.

## Öryggis- og löggæslumál

### *Almannavarnir (að hluta)*

Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008. Sveitarstjóri Dalabyggðar situr í almannavarnanefnd Vesturlands.

### *Brunavarnir og brunamál, þ.á.m. slökkvilið*

Dalabyggð er aðili að Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda bs. Eini starfsmaður félagsins er slökkviliðsstjóri að undanskildum varðstjórnum sveitafélaganna sem leysa slökkviliðsstjóra af á bakvöktum. Aðalstarfsstöð er í Búðardal.

### *Sjóvarnir*

Byggðarráð Dalabyggðar sinnir starfi hafnarstjórnar og tryggir sjóvarnir á höfnum sveitarfélagsins skv. lögum um sjóvarnir í samstarfi við umsjónarmann framkvæmda og verkstjóra Dalabyggðar.

## Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl.

### *Dýravernd*

Sveitarfélagið sinnir hlutverki sínu í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013

### *Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Samningur er við VSÓ ráðgjöf ehf. um starf skipulagsfulltrúa hjá byggðasamlaginu. Byggingafulltrúi hefur starfsstöð á Hólmavík en með viðveru á skrifstofu Dalabyggðar alla föstudaga ásamt fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði. Sinna þeir eftirliti með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í sveitarfélaginu. Þar að auki veitir slökkviliðsstjóri umsögn vegna hönnunar mannvirkja fyrir byggingaleyfi. Eldvarnaeftirlit kemur að öryggis- og lokaúttekt.

### *Fjallskil*

Í sveitarfélaginu starfa Fjallskilanevnd Skógarstrandar, Fjallskilanevnd Suðurdala, Fjallskilanevnd Laxárdals, Fjallskilanevnd Hvammssveitar, Fjallskilanevnd Fellsstrandar, Fjallskilanevnd Skarðsstrandar og Fjallskilanevnd Saurbæjar. Sveitarstjórn Dalabyggðar er stjórn fjallskilaumdæmisins og fer með yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála.

### *Framkvæmd umhverfismats*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Samningur er við VSÓ ráðgjöf ehf. um starf skipulagsfulltrúa hjá byggðasamlaginu. Sinnir viðkomandi eftirliti með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda í sveitarfélaginu.

### *Gatnagerð*

Umhverfis- og eignasvið ber ábyrgð á gatnagerð í sveitarfélaginu í samstarfi við skipulagsfulltrúa. Er þar farið eftir framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.

### *Heilbrigðiseftirlit*

Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

### *Landgræðsla*

Sveitarstjórn hefur eftirlit með ástandi lands samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Umhverfis- og skipulagsnefnd sinnir hlutverki sveitarfélagsins skv. lögum þeim.

### *Meindýraeyðing, dýraeftirlit*

Verkstjóri Dalabyggðar sinnir hlutverki meindýraeyðis og dýraeftirlits fyrir sveitarfélagið. Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna minkaveiði í sveitarfélaginu.

### *Mengunarvarnir*

Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

### *Skipulagsmál*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Samningur er við VSÓ ráðgjöf ehf. um starf skipulagsfulltrúa hjá byggðasamlaginu. Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum aðal- og deiliskipulögum og endurskoðun eldri skipulaga.

### *Söfnun og meðferð úrgangs og skolps*

Sveitarfélagið er með samning við fyrirtæki varðandi hirðu, söfnun, meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

### *Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsi*

Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Byggingafulltrúi hefur starfsstöð á Hólmavík en með viðveru á skrifstofu Dalabyggðar alla föstudaga ásamt fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði og sinnir m.a. tilkynningarskyldu um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu húsi fyrir allt sveitarfélagið.



### *Verndarsvæði í byggð*

Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál og þar með á verksviði skipulagsfulltrúa. Byggðasamlag er um skipulags- og byggingamál með Árneshrepp, Dalabyggð, Kaldrananeshrepp, Reykhólahrepp og Strandabyggð. Samningur er við VSÓ ráðgjöf ehf. um starf skipulagsfulltrúa hjá byggðasamlaginu.

### *Loftlagsstefna sveitarfélaga*

Umhverfis- og loftslagsstefna Dalabyggðar gildir 2021-2031. Mælt er til þess að stefna sé sett til 10 ára í senn en yfirfarin árlega.

### *Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar*

Umhverfis- og skipulagsnefnd sinnir nefndin náttúruverndarmálum skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

## Kosningar

### *Framlög til stjórnmalasamtaka*

Á ábyrgð fjármálasviðs sveitarfélagsins, greitt samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006. Stjórnmalasamtök sækja um styrkinn til sveitarfélagsins. Á ekki við kjörtímabilið 2022 – 2026 þar sem viðhaft var persónukjör.

### *Íbúakosningar*

Viðhaft í samræmi við Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

### *Alþingis- og forsetakosningar*

Framkvæmd kosninga í Dalabyggð fer fram samkvæmt kosningalögum. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Vesturlandi upp á utankjörfundar atkvæðagreiðslu í Búðardal.

### *Sveitarstjórnarkosningar*

Framkvæmd kosninga í Dalabyggð fer fram samkvæmt kosningalögum. Í sveitarfélaginu er tilnefnd yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Vesturlandi upp á utankjörfundar atkvæðagreiðslu í Búðardal.

## Samgöngur

### *Lagning og viðhald vega og stíga*

Umhverfis- og eignasvið ber ábyrgð á gatnagerð í sveitarfélaginu í samstarfi við skipulagsfulltrúa. Er þar farið eftir framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins hverju sinni.

## Vatns- og fráveitur

### *Fráveitur*

Dalabyggð á og rekur fráveitukerfi sveitarfélagsins innan þéttbýliskjarnans Búðardals og gerir samning um tæmingu rotþróa innan og utan þéttbýlis.

### *Vatnsveitur*

Dalabyggð á og rekur Dalaveitur sem flytur heitt vatn á Laugum í Sælingsdal. Þá rekur Dalabyggð vatnsveitu neysluvatns (kalt vatn) innan Dalabyggðar en Rarik rekur hitaveituna sem sér Dalabyggð fyrir heitu vatni.

### Íþróttá- og æskulýðsmál

#### *Frístundaheimili*

Frístundaúrræði og lengd viðvera er fyrir skólabörn í Auðarskóla.

#### *Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl.*

Afnot eru af íþróttahúsi að Laugum í Sælingsdal og þar er einnig sundlaug. Lítil kennslulaug er við félagsheimilið Dalabúð í Búðardal. Fótbolta- og fjálsíþróttavöllur er í Búðardal ásamt sparkvelli. Unnið er að byggingu íþróttahúss í Búðardal, hönnun þess er tilbúin og vonir standa til um að hafist verið handa með vorinu.

#### *Málefni barna og ungmenna*

Skólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra sitja sem áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd.

#### *Þjónusta við unglinga*

Félagsmiðstöð starfar fyrir börn og ungmenni á miðstigi og efsta stigi í Auðarskóla og vinnuskóli er starftækur á sumrin.

#### *Æskulýðsmál*

Styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamningar eru við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarf í öllu sveitarfélaginu.

<b>Heilbrigðismál</b>
<p><i>Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana</i></p> <p>Dalabyggð á húsnæðið sem Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún er rekið í en Heilbrigðisstofnun Vesturlands heldur utan um rekstur þess.</p>
<b>Ýmsar aðrar skyldur</b>
<p><i>Húsmæðraorlof</i></p> <p>Í Dalabyggð eru engir viðtakendur að þeim greiðslum sem skal greiða skv. lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.</p>
<p><i>Jafnréttismál</i></p> <p>Jafnréttisáætlun Dalabyggðar byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Í Dalabyggð er það félagsmálanefnd sem fer með störf jafnréttisnefndar. Sveitarstjórn Dalabyggðar ber ábyrgð á jafnréttisáætlun sveitarfélagsins og er sveitarstjóri jafnan til ráðgjafar fyrir sveitarstjórn í málaflokknum. Einnig hefur sveitarfélagið hlotið jafnlaunavottun sem er endurskoðuð reglulega.</p>
<p><i>Kirkjur og kirkjugarðar</i></p> <p>Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970.</p>
<p><i>Umsögn um rekstrarleyfi</i></p> <p>Byggðarráð og eftir aðstæðum sveitarstjórn gefur umsagnir fyrir rekstrarleyfi í Dalabyggð að beiðni Sýslumannsins á Vesturlandi. Eldvarnaeftirlit Slökkviliðs Dalabyggðar veitir einnig umsagnir um brunavarnir vegna umsókna um rekstrarleyfi.</p>
<p><i>Byggðarráð og eftir aðstæðum sveitarstjórn gefur umsagnir fyrir áfengissöluleyfi í Dalabyggð að beiðni Sýslumannsins á Vesturlandi.</i></p>
<b>Stjórnsýsla sveitarfélaga</b>
<p><i>Álagning og innheimta opinberra gjalda</i></p> <p>Sveitarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B- deildum stjórnartíðinda. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá aðalbókara sveitarfélagsins í gegnum síma eða komu á skrifstofuna í Búðardal. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki.</p>
<p><i>Skráning og meðferð persónuupplýsinga</i></p> <p>Sveitarfélagið hefur persónuverndarfulltrúa á sínum vegum og unnið er eftir lögum um persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir allt sveitarfélagið.</p>
<p><i>Starfsmannamál, kjarasamningar</i></p> <p>Hjá Dalabyggð starfar fjármálastjóri sem fer með þessi mál fyrir sveitarfélagið í samstarfi við sviðsstjóra og sveitarstjóra sveitarfélagsins.</p>

*Sveitarstjórnir – verkefni og skyldur*

Sveitarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

*Upplýsingagjöf*

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalög nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Varðandi beiðni á grundvelli upplýsingalaga er hægt að beina öllum slíkum beiðnum til skrifstofu Dalabyggðar þar sem beiðni er tekin til meðferðar.

*Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa*

Sviðsstjórar í samstarfi við sveitarstjóra sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Farið er eftir lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og innkaupareglum sveitarfélagsins. Eins er sveitarfélagið aðili að rammamningi.

*Varðveisla skjala*

Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Samstarf er við Héraðsskjalasafn Dalasýslu um varðveislu skjala.

## Lögheimil verkefni

### *Almennar íbúðir*

Dalabyggð kom að stofnun Bakkahvamms hses. sem stuðlað hefur að byggingu almennra íbúða í Búðardal á árunum 2020-2023. Stefnt er að slitum stofnunarinnar á þessu ári.

### *Almenningssamgöngur*

Dalabyggð er í samstarfsverkefni með Strætó varðandi akstur milli Búðardal og Borgarness þar sem undirstaðan er akstur framhaldsskólanema.

### *Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds*

Sveitarstjórn setur samþykkt um hundahald og búfjárhald fyrir sveitarfélagið.

### *Hafnir*

Byggðarráð sinnir hlutverki hafnarnefndar fyrir hafnir Dalabyggðar sem staðsettar eru í Búðardal og að Skarðsstöð á Skarðsströnd.

### *Héraðsskjalasöfn*

Sveitarfélagið kemur að rekstri Héraðsskjalasafni Dalasýslu í samræmi við Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

### *Hitaveitur*

Dalabyggð rekur Dalaveitur ehf. sem heldur utan um rekstur hitaveitu kringum borholu að Laugum í Sælingsdal.

### *Leiklistarmál*

Sveitarfélagið styrkir leikfélagið og önnur félög sem setja upp sýningar í Dalabyggð, ýmist beint (fjárstyrkur) eða óbeint (t.d. aðgengi að sýningarhúsnæði). Samstarfssamningur er við Leikklúbb Laxdæla.

### *Lögreglusamþykktir*

Sveitarfélagið er með eigin lögreglusamþykkt fyrir Dalabyggð nr. 375/2016.

## Valkvæð verkefni

### *Nýsköpunarsetur Dalabyggðar*

Rekið í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar. Verkefnastjóri hefur umsjón með aðstöðunni. Aðstaða fyrir störf án staðsetningar, frumkvöðlastarfsemi og námsmenn. Aðstaðan nýtist sem prófamiðstöð í Dalabyggð, með samstarfi við Símenntun á Vesturlandi. Hægt að leigja aðstöðu í samvinnurými til lengri eða skemmri tíma.

### *Samningur við líkamsræktaraðstöðuna*

Dalabyggð er með samning við líkamsræktina í Búðardal um aðgang eldri borgarar og slökkviliðsmanna að aðstöðunni.

### *Tjaldsvæði*

Dalabyggð á tjaldsvæðið í Búðardal en gerir samning við rekstraraðila varðandi daglegan rekstur.

### *Eiríksstaðir*

Dalabyggð á Eiríksstaði í Haukadal en gerir samning við rekstraraðila varðandi daglegan rekstur.

### *Vínlandssetur*

Dalabyggð á Vínlandssetrið í Búðardal en gerir samning við rekstraraðila varðandi daglegan rekstur.

### *Ýmsir aðrir styrkir*

Má þar nefna t.d. frístundastyrk barna og ungmenna, stuðning við nema í leikskólakennarafræðum, styrkir til menningarmálaverkefna, styrkir í gegnum samstarfssamninga (m.a. við félag eldri borgara, skátana og foreldrafélag Auðarskóla)

### *Ljósleiðari – Dalaveitur ehf.*

Dalaveitur ehf. er fjarskiptafélag sem sér um lagningu og rekstur ljósleiðarakerfis í Dalabyggð.

### *Rekstur félagsheimila*

Dalabyggð á félagsheimilin Dalabúð í Búðardal og Árblik í Miðdölum auk þess að eiga hlut í Tjarnarlundi í Saurbæ. Dalabúð er að stórum hluta nýttur með rekstri Auðarskóla en þess utan til almennrar útleigu. Dalabyggð gerir samning við rekstraraðila varðandi daglegan rekstur Árbliks. Í Tjarnarlundi er lítil matvælavinnsla (tilraunaeldhús) en þess utan er húsið til almennrar útleigu.

### *Dýrahæ – söfnun, flutningur og eyðing*

Dalabyggð sér um söfnun og eyðingu dýraleifa. Dýrahæ eru sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í viðeigandi meðhöndlun.

## Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð að lágmarki á hverju ári samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir kjörtímabilið 2022 - 2026 um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi.

Samþykkt á xxx. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar, þann dd.mm.áááá